

3. janúar 1977.

1

Nr. 1.

## AUGLÝSING

um verðhækkunarstuðul fyrir óbeina fyrningu eigna í atvinnurekstri.

Skv. ákvæðum 4. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 60/1973 um breyting á framangreindum lögum, hefur fjármálaráðuneytið ákveðið í samráði við Hagstofu Íslands og á grundvelli útreikninga hennar, að verðhækkunarstuðlar vegna verðbreytinga árið 1976 skuli verða sem hér segir:

1. Verðhækkunarstuðull eigna, sem falla undir 1. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, verði 25%.
2. Verðhækkunarstuðull eigna, sem tilgreindar eru í 2. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, verði 26.4%.

*Fjármálaráðuneytið, 3. janúar 1977.*

**F. h. r.**

**Jón Sigurðsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

3. janúar 1977.

Nr. 2.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um Lyfjaeftirlit ríkisins nr. 412/1973.

1. gr.

3. gr. 2. málsg. reglugerðarinnar orðist svo:

Innflutningseftirlit varðar eftirlit með tollafgreiðslu sérlyfja og annarra fullbúinna lyfja samkvæmt eftirtöldum tollskrárnúmerum:

Kirtlar og önnur líffæri til lækninga svo og

A: Antisera og bóluefni.

1. 30.01.00
2. 30.02.10
3. 30.02.20

B: Skráð sérlyf.

1. 30.03.11
2. 30.03.21
3. 30.03.31
4. 30.03.41

B 1

**C: Óskráð sérlyf.**

1. 30.03.12
2. 30.03.22
3. 30.03.32
4. 30.03.42

**D: Lögboðkarlyf (officinel lyf).**

1. 30.03.13
2. 30.03.23
3. 30.03.33
4. 30.03.43

**E: Önnur fullbúin lyf einnig til dýralækninga.**

1. 30.03.19
2. 30.03.29
3. 30.03.39
4. 30.03.49

Enn fremur nær þetta eftirlit til eftirlits með innflutningi hráefna til lyfjagerðar og lyfja samkvæmt öðrum tollskrárnúmerum.

**2. gr.**

9. gr. 1. málsg. orðist svo:

Innflytjandi framvísar til áritunar 2 eintökum af vörureikningi við Lyfjaeftirlit ríkisins og er óheimilt að tollafgreiða lyf, nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu vörureikning, sem lyfjaeftirlitið hefur áritað.

**3. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. og 61. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 sbr. og lög um breyting á þeim lögum nr. 85/1976, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. janúar 1977.*

**Matthías Bjarnason.**

Páll Sigurðsson.

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40/1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.**

**1. gr.**

2. gr. orðist svo:

Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1. ....	31.00
2. ....	52.00
3. ....	102.00
4. ....	102.00
5. ....	122.00
6. ....	196.00